

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Austursíðu.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 12. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Austursíðu.

Breytingin felur í sér að lóðamörk milli Draupnigötu 5 og Fjölnisgötu 4a breytast og jafnframt byggingarreitir á báðum lóðum. Þá skiptist sameiginleg lóð sem ætluð var til að tryggja aðgengi að baklóð Draupnigötu 5 til helminga á milli umræddra lóða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 14. febrúar 2022,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2022